

139

12. ágúst

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, ritari og féhirðir. Skulu þeir annast innheimtu gjalda, bókun fundargerða og eftirlit vatnsveitunnar, að fylgt sé settum reglum, umsjón með hreinsun vatnsbóls, viðhalds og viðbótarlagnir eftir því, sem fyrir er lagt, eða með þarf á hverjum tíma.

6. gr.

7. gr.

Formaður kveður saman aðalfund á tímabilinu apríl—maí ár hvert. Skulu þar rædd þau mál, sem fyrir liggja og teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins og kosin stjórn til eins árs og 2 endurskoðendur til eins árs. Aðalfundur er lögmaður ef  $\frac{3}{5}$  hluthafa atkvæði eru mætt á fundinum. Eitt atkvæði skal vera fyrir hvert stofngjald.

Formaður boðar til fundar þegar er stjórnin sér ástæðu til.

8. gr.

Þar sem vatnsbólið er brunnur, skal fara sparlega með vatnið eftir því, sem við verður komið og er hverjum húseiganda skylt að sjá um, að ekki sé látið renna vatn að óþörfu.

9. gr.

Mál, sem kunna að rísa út af samþykkt þessari, skal reka fyrir gestarétti í Borgarfirði eða Seyðisfirði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1947.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Gíslí Jónasson.*

140

12. ágúst

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjald fyrir Hnífsdalskaupún.

1. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði á kostnað sveitarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrir mælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsa lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsanet þorpsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

## 3. gr.

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 10% — tíu af þúsundi — af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús kr. 60.00 og fast gjald á hverja íbúð umfram eina í húsi kr. 10.00.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%.

## 4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í húsi og öðrum mannvirkjum húseiganda, svo og lóð húseiganda, ef hún er eignarlóð hans, næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjaldalagi holræsagjalds er 1. október ár hvert, en kostnaður við lagningu holræsa greiðist að lögn lokinni.

## 5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglu-mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1947.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Gísli Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um vatnsveitu í Hnífsdalskaupþúni.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps hefur öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, enda er vatnsveitan eign hreppsins. Hreppsnefndin hefur einkarétt til starfrækslu vatnsveitu í Hnífsdalskaupþúni.

## 2. gr.

Af öllum íbúðarhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum í kaupþúninu, sem vatn er leitt til úr vatnsveitu hreppsins í Hnífsdal, skal greiða vatnsskatt árlega, er sá 5% — fimm af þúsundi —, af fasteignamatsverði húsanna, þó aldrei minna en kr. 40.00.

Af peningshúsum, sem vatn er leitt til úr vatnsveitu kaupþúnsins, skal greiða 15% — fimmtán af þúsundi — af fasteignamatsverði þeirra, þó ekki yfir kr. 40.00 af húsi.

## 3. gr.

Skattur fyrir atvinnufyrirtæki, og aðra er nota vatn úr téðri vatnsveitu til annars en áður er fram tekið, sbr. 2. gr., skal ákveðinn 18% — átján af þúsundi — af fasteignamati, nema um annað hafi náðst samkomulag milli hreppsnefndar Eyrarhrepps og hlutaðeigandi aðila. Þó skal það samkomulag ávallt vera í samræmi við gildandi vatnalöggjöf.